

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu**  
**og heimæðargjald í Vesturbyggð.**

1. gr.  
*Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.  
*Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,45% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.  
*Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.  
*Notkunargjald.*

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 15,86 kr./m<sup>3</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 120,9 stig og breytist árlega og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.  
*Mælaleiga.*

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

| <i>Stærð mælis</i> | <i>Mælaleiga á ári</i> |
|--------------------|------------------------|
| að 20 mm           | 7.116 kr.              |
| 20-24 mm           | 9.433 kr.              |
| 25-31 mm           | 11.884 kr.             |
| 32-39 mm           | 14.210 kr.             |
| 40-49 mm           | 18.989 kr.             |
| 50-74 mm           | 57.090 kr.             |
| 75-99 mm           | 61.868 kr.             |
| 100 mm og stærri   | 66.645 kr.             |

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 120,9 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.  
*Heimæðargjald.*

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

| <i>Utanmál</i> | <i>Inntaksgjald</i> | <i>Yfirlengd</i> |
|----------------|---------------------|------------------|
| 32 mm          | 255.406 kr.         | 5.465 kr.        |
| 40 mm          | 331.658 kr.         | 6.224 kr.        |
| 50 mm          | 447.293 kr.         | 6.992 kr.        |
| 63 mm          | 627.728 kr.         | 8.644 kr.        |

|        |               |            |
|--------|---------------|------------|
| 75 mm  | 878.048 kr.   | 12.068 kr. |
| 90 mm  | 1.062.319 kr. | 19.062 kr. |
| 100 mm | 1.254.167 kr. | 21.928 kr. |
| 110 mm | 1.464.149 kr. | 29.277 kr. |

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og viðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu bygg- ingarkostnaðar 120,9 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

## 7. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitir sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1303/2013.

*Vesturbyggð, 18. desember 2014.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.